

## AUGLÝSING

### um aðalbrautir á Þjóðvegum.

#### 1. gr.

Ákvæði auglýsingar um aðalbrautir á Þjóðvegum, nr. 271 21. maí 1986, breytist þannig:

a) 6. töluliður orðist svo:

Reykjanesbraut (41). Á vegamótum við Hafnarfjarðarveg (40), við Flugvallarveg Keflavík (46) og við Víknaveg (45) á Miðnesheiði njóta þeir vegir aðalbrautarréttar.

b) 9. töluliður orðist svo:

Garðskagavegur (45) af Víknavegi (46) að Sandgerði. Á vegamótum við Skagabraut í Garði nýtur sá vegur aðalbrautarréttar.

c) Á eftir 9. tölulið komi nýr töluliður, svo hljóðandi:

Víknavegur (46) af Reykjanesbraut (41) í Njarðvík að mörkum Keflavíkur og af Hringbraut í Keflavík að Reykjanesbraut á Miðnesheiði. Á vegamótum við Reykjanesbraut í Njarðvík og við Garðskagaveg (45) njóta þeir vegir aðalbrautarréttar.

#### 2. gr.

Auglýsing þessi sem sett er samkvæmt 65. gr. umferðarlaga, nr. 40 23. apríl 1968, öðlast þegar gildi.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 2. júní 1987.*

**Jón Helgason.**

*Ólafur W. Stefánsson.*

## REGLUR

### um mælingar skipa.

#### 1. gr.

Eftirtalin skip skal mæla samkvæmt Alþjóðasamþykkt um mælingu skipa, sem undirrituð var í London 23. júní 1969 og tók gildi 18. júlí 1982:

1. Ný skip.
2. Gömul skip, sem gerðar eru verulegar breytingar á eftir að reglur þessar öðlast gildi.
3. Gömul skip ef eigendur þeirra óska eftir endurmælingu.
4. Öll önnur gömul skip frá og með 1. janúar 1994.

#### 2. gr.

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt lögum um skipamælingar nr. 50/1970, sbr. lög nr. 34/1984, staðfestast hér með til að öðlast gildi 1. júlí 1987 og birtast til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Samgönguráðuneytið, 24. maí 1987.*

**Matthías Bjarnason.**

*Ragnhildur Hjaltadóttir.*